

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2018

2020/EES/6/40

frá 23. mars 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1928 frá 4. nóvember 2016 um ákvörðun á farmi sem er fluttur um borð í öðrum flokkum skipa en farþegaskipum, ekjuskipum og gámaskipum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21awb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1927) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21awc. **32016 R 1928:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1928 frá 4. nóvember 2016 um ákvörðun á farmi sem er fluttur um borð í öðrum flokkum skipa en farþegaskipum, ekjuskipum og gámaskipum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum (Stjtið. ESB L 299, 5.11.2016, bls.22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1928, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.